

1. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

Fundur haldinn sunnudaginn 2. október kl. 11:00 í Zontahúsinu, Aðalstræti 54.

1. Fundarliðir stjórnar

Nýr formaður, Aðalbjörg Bragadóttir, setur fundinn og fer yfir dagskrána og stöðuna nú í upphafi nýs starfsvetrar.

- *Kveikt á kertum* – formaður býður Sirrý að kveikja á kertum. Kveikt er á kerti vinnáttunnar, kerti trúmennskunnar og kerti hjálpseminnar.
- *Kveðjur* – formaður ber kveðju kvenna sem ekki komust á fundinn.
- *Stjórn kynnt* – formaður kynnir nýja stjórn í henni eru: Aðalbjörg Bragadóttir, formaður, Helena Sigurðardóttir, meðstjórnandi, Kristín Elva Viðarsdóttir, varaformaður, og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, ritari. Hildur Hauksdóttir fráfarandi formaður starfar með stjórn og Laufey Petrea Magnúsdóttir er settur gjaldkeri.
- *Orð til umhugsunar* – formaður býður Kristínu Elvu að fara með „orð til umhugsunar“. Kristín les upp gamlan og fallegan texta sem fjallar um umhyggju og kærleika fyrir náunganum. Fram kemur hjá Kristínu að þessi fallegi texti hafi verið saminn af langafa hennar.
- *Síðasta fundargerð lesin* – að loknum orðum til umhugsunar les Elín Elísabet Magnúsdóttir síðustu fundargerð sem er frá því í vor. Fundargerðin er samþykkt án athugasemda.
- *Dagskrá vetrarins* – formaður ræðir að lagfæra þurfi hópa sem skipaðir hafa verið í nefndir vegna tvítekninga á einum stað. Þá er nefnt að fyrsti fundur sé frekar seint í ár og ekki hafi náðst að skipuleggja haustferð en bent er á að konur þurfi ekki að örvænta því félagsstarfið muni blómstra hjá deildinni í vetur og til að bæta upp fyrir haustferð verði hugsanlega farin ferð í blíðviðrinu í vor. Þá kemur fram að næsti fundur vetrarins verði þann 1. nóvember nk. og fer formaður yfir undirbúningshópinn sem skipaður er fyrir þann fund.
- *Jólafundur* – rætt er um jólafundinn en ósk hefur komið frá Mý- og Nýdeild um að hafa sameiginlegan fund Norðurlandssveita. Aðalbjörg og formenn Mý- og Nýdeildar hafa verið í sambandi. Þegar er búið að nefna dagsetninguna 24. nóvember.

Tekið er fram að stutt verði á milli funda í nóvember þar sem tveir fundir lenda í þeim mánuði en komist verður á rétt skrið eftir áramót. Bókafundur er fyrirhugaður um miðjan janúar 2023.

2. Punktar frá framkvæmdaráðsfundi – Aðalbjörg Bragadóttir, formaður

Formaður segir frá framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var 17. september sl. á Center Hótelu við Ingólfstorg í Reykjavík. Fram kemur að um gagnlegan og góðan fund hafi verið að ræða. Mörg erindi hafi verið flutt og fer formaður yfir helstu atriði.

1. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

Fram kemur að aðalefni eða umræða fundarins hafi verið áhyggjur af fækkun í deildum Delta Kappa Gamma. Mjög mikilvægt er að fjölga í hverri deild. Lagt var m.a. til að taka inn tvær konur í vetur í hverri deild. Farið var yfir stöðu hversrar deildar. Betadeild er með ágæta breidd en víða er orðinn mjög hár meðalaldur. Rætt var um stöðuna úti í heimi og fram kom að hrun væri t.d. í Bandaríkjunum og í Bretlandi sé deildin á útleið. Fram kom að ástæður væru af margvíslegum toga. Í Bandaríkjunum er t.d. mikil stéttaskipting og deildirnar ekki aðgengilegar öllum kennurum. Ísland er stærsta landssambandið utan Bandaríkjanna. Landssambandið mun senda tillögur frá Íslandi varðandi hvað lagt er til að gera. Rætt var um nýja nálgun á félögum og að vera vakandi hér á landi fyrir þessari stöðu. Í vor voru 332 konur skráðar í DKG á Íslandi. Félagsstarfið á Íslandi hefur gengið vel.

Bent var á að samtökin eigi að gera eitthvað gott fyrir félagskonur, og var mikið rætt um allt það sem félögum býðst en einnig kom fram að konur eru ekki nægilega duglegar að nýta sér styrki sem eru í boði. Margir styrkir eru í boði s.s. námsstyrkir, Golden Gift leiðtoganámskeið í USA, Education Foundation verkefnastyrkir o.fl. Aðalbjörg ræðir sérstaklega styrk vegna náttúruhamfara sem ekki hefur verið nýttur á Íslandi en á framkvæmdaráðsfundinum var ákveðið nota þá peninga til að styrkja flóttabörn frá Úkraínu og er utanumhald um það í Póllandi. Bent er á að hollt og gott sé að gerast alþjóðlegur ræðumaður og að það sé vilji til að fá fleiri Íslendinga í það. Íslenskar konur eru ávallt að gera eitthvað og margar að stunda rannsóknir í sínu fagi og taka þátt í faglegu starfi og íslenskar konur geti lagt margt til málanna. Mikilvægt sé að fara með þekkinguna áfram og styrkja tengslanetið. Minnt er á lykilorðið á heimasíðu deildarinnar (*lykill*) en þar eru upplýsingar um styrki o.fl.

Evrópuráðstefna verður haldin í Finnlandi í lok júlí 2023. Styrkhæf ráðstefna í KÍ, B-sjóði og einnig eru möguleikar í fleiri stéttarfélögum. Mikill vilji er fyrir því að fá konur frá Íslandi sem og að Norðurlöndin sýni sig.

Aðalbjörg segir frá erindi Sigríðar Indriðadóttur, frá SAGA Competence, sem var um jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Erindið fjallaði um hrós, að taka gagnrýni, búa til góðar venjur og almennt hvernig maður er góður starfsmaður. Fjallaði einnig um það hvernig við vinnum betur saman og höfum áhrif hver og ein okkar. Fyrirlesturinn var mjög upplýfandi.

Fram kom á fundinum að deildir eiga ekki að liggja á fjármunum, gott er að eiga kaffisjóð en ekki sé ráðlegt að safna miklum fjármunum. Það er því tækifæri til að fara í vorferð, gera eitthvað um jólin o.s.frv. en hver deild var hvött til að skoða sín mál. Einnig voru formenn hvattir til að vinna meira saman á milli deilda, sérstaklega mjög litlar deildir. Vera duglegri að fara með erindi á milli funda og ef eitthvað er gott sem kemur til okkar að kynna það áfram. Sem sagt vinna meira saman og nýta þekkinguna. Bent var á hnapp á heimasíðunni, *þekkingarforðinn*, þar er hægt að setja greinar inn.

Umræða var á fundinum um tímasetningu á landssambandsþingi sem talin er óheppileg, en þingið er alltaf aðra vikuna í maí. Aðalbjörg kom með tillögu um að hafa

1. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

fundinn í lok apríl í staðinn og mögulega flyst þingið framar þótt það náist líklega ekki í ár þar sem búið er að bóka hótél.

Að lokum segir Aðalbjörg frá **Lucile Cornetet** sjóðnum sem er styrkur á vegum **Delta Kappa Gamma, Educational Foundation**. Umsóknir þurfa almennt að berast fyrir 1. september en fyrir 1. nóvember varðandi einn sérstakan lið. Aðalbjörg fer yfir hvernig sjóðurinn varð til en það var kennari í Michigan USA, sem var starfaði í Beta lambdadeild í sínu fylki, hún var almennur félagi, og þegar hún lést þá arfleifddi hún deildina að milljón dollurum. Nú er þetta sérstakur styrkur innan DKG sem er í nokkrum liðum. Einn liðurinn styrkir konur í fræðslustörfum, mjög opið s.s. ráðstefnur, vinnustofur, námskeið og alls konar. Þarna er tækifæri til að sækja um t.d. á viðburði. Fram kemur að lítið fer úr sjóðnum á hverju ári, nokkur skrifinniska er varðandi umsóknina en mögulegt að uppskera vel.

Þá kemur fram að heilmargt annað hafi verið rætt á fundinum t.d. var spurt og rætt af hverju erum við í þessum samtökum, Aðalbjörg tók fram að gaman hafi verið að heyra það sem kom fram.

3. Veitingahlé – samlokur frá Lemon, drykkir, kaffi og konfekt

4. Gestur fundarins

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir sagði frá nýrri bók sinni *Aldrei nema vinnukona*. Sveinbjörg þakkar fyrir að vera boðin á fundinn, hún segist vera auðmjúk í sínum ritstörfum og því sem hún er að gera. Hún fer yfir hvernig sagan hennar varð til en hún gerist að mestu í Skagafirði og fjallar að stórum hluta um langömmu systur hennar. Hún ræddi mikið við móður sína þegar hún var að afla heimilda og skrifa bókina. Að loknum upplestri gafst kostur á spurningum og umræðu.

5. Önnur mál

- a) *Happdrætti* – ekkert happdrætti fer fram á fundinum en fram kemur að það verði á sínum stað á næsta fundi. Bent er á að gott sé að setja í fundarboðið hver hafi fengið vinninginn, til að minna viðkomandi á. Síðasti vinningshafi var Ingibjörg Auðunsdóttir og mun verða dregið í happdrættinu á næsta fundi sem verður 1. nóvember nk.
- b) *Pyngjan* – minnt er á pyngjuna sem og það sem áveðið var fyrir nokkur að mögulegt sé að borga inn á reikning deildarinnar. Fram kemur að það sé vilji fyrir því að pyngjan gangi áfram á fundum. Óskað er eftir að bankaupplýsingar komi fram í fundargerð og er það samþykkt.
- c) *Alþjóðadagur kennara* – umræða verður og kemur fram hjá Jónínu Hauksdóttur að glæsilegt skólamálaþing kennarafélagsins í Reykjavík verði frá kl. 15.00-17.00 á alþjóðadegi kennara, 5. október, og að viðburðum verði einnig streymt. Það verða fræðierindi og fjallað um hinsegin hópa innan skólakerfisins. Streymi verður inni á síðu

1. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

Delta Kappa Gamma. Einnig kemur fram að skólafólk komi saman í Brekkuskóla þennan dag til þess að horfa saman. BKNE er að auglýsa þetta streymi.

Í framhaldinu af umræðu um dag kennara er rætt hvort vilji sé til að halda áfram með viðburð hjá okkur á þessum degi. Rætt er að mikilvægt sé að hafa verkefni sem við getum verið hreyknar af. Stjórn mun ræða við Hildi fyrrverandi formann um þessa þróun. Gott einni að rifja upp hvað við eigum og höfum verið að gera. Bent er á að það sé mjög margt tengt 5. október inni á vefnum hjá Beta deild.

- d) *Félagatalið* – það mun koma útprentað á næsta fundi og þá verður hægt að yfirfara og gera breytingar þar sem þess þarf. Bent er á að senda Eygló tölvupóst ef það þarf að leiðrétta upplýsingar inni á síðunni um félagskonur. Óskað er eftir að konur fari inn á DKG síðuna og yfirfari sína skráningu.
- e) *Virgni stjórnar* – fram kemur að stjórn verði virk á netinu og í tölvupósti, s.s. fundarboð o.þ.h.
- f) *Konur af erlendum uppruna* – lagt er til að skoða betur með að fá konur í deildina sem eru af erlendum uppruna. Fram kemur að það hafi áður verið skoðað, stuttlega er farið yfir söguna en búið er að bjóða a.m.k. þremur konum en það ekki hefur gengið að fá þær inn. Rætt er að gefast ekki upp og halda leitinni áfram. Rætt er að tungumálið sé sumum fjötur um fót. Bent er á að þetta sé ferli og því ætti að taka það fyrir á næsta fundi. Formaður sendir brýningu í tölvupósti og á fésbókina. Allar að hafa augun opin.

6. Fundarlok

Aðalbjörg minnir á að dagskráin sé þétt í nóvember en ekkert sé um að vera í desember. Ýtt verður við undirbúningshópum tímanlega. Einnig verða tvískráningar lagfærðar. Fram kemur að fundir hefjist kl. 19.00 ef annað sé ekki tekið fram. Rætt er að það sé gott fyrirkomulag. Þakkað er fyrir fundinn og honum slitið.

Bókun: minnt verður á í fundarboði hvaða félagskona fékk happdrættisvinninginn og einnig verða bankaupplýsingar settar inn á Fésbókarsíðu deildarinnar, „pinnaðar“ efst á síðunni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.00 /SRJ